

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Akureyri í öndvegi.

1. gr.

Akureyri í öndvegi er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð. Heimili Akureyrar í öndvegi og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Stofnfé Akureyrar í öndvegi er kr. 600.000, krónur sexhundraðþúsund 00/100. Stofnféd hefur verið greitt af eftirfarandi aðilum:

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>
Vörður váttryggingafélag hf.	661103-2480	50.000
Pyrping hf.	511202-2720	50.000
Hagar hf.	670203-2120	50.000
KB banki hf.	560882-0419	50.000
Landsbanki Íslands hf.	540291-2259	50.000
Íslandsbanki hf.	550500-3530	50.000
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	701288-1739	50.000
Kaupfélag Eyfirðinga	680169-2769	50.000
Sparisjóður Norðlendinga	490797-2469	50.000
Váttryggingafélag Íslands hf.	690689-2009	50.000
Kaldbakur hf.	670169-3679	50.000
Ragnar Sverrisson ehf.	630284-0749	50.000

Eigi má fara með eigur stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

3. gr.

Markmið Akureyrar í öndvegi er þróun, skipulagning og uppbygging miðbæjarins á Akureyri byggð á víðtæku samráði íbúa, fyrirtækja og stofnana á Akureyri. Í því sambandi er markmið sjálfseignarstofnunarinnar það að standa fyrir opnu samráðsþingi og alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjar Akureyrar. Í framhaldi af því verður unnið að stefnumótun og gerð viðskiptaáætlunar til að fylgja niðurstöðum samkeppninnar eftir. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

4. gr.

Í stjórn Akureyrar í öndvegi sitja Ragnar Sverrisson, kt. 260249-2319, Andri Teitsson, kt. 241266-3709, Jóhannes Jónsson, kt. 310840-3009, Jón Björnsson, kt. 160166-5769, og Helgi Teitur Helgason, kt. 191172-4269. Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn stofnunarinnar og skal hann þá um leið tilnefna nýjan varamann í sinn stað. Stjórnin kýs formann stjórnar, varaformann, gjaldkera og skiptir að öðru leyti með sér verkum til eins árs í senn, í fyrsta sinn á stofnfundi í júnímánuði 2004. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók. Formaður kemur fram fyrir hönd Akureyrar í öndvegi

og er forsvarismaður sjálfseignarstofnunarinnar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

5. gr.

Stjórn Akureyrar í öndvegi fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfs-tilhögun og vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr. Stjórnin hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum málefnum, eignum og rekstri Akureyrar í öndvegi, setur henni og starfsfólki reglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu Akureyrar í öndvegi. Formaður kemur fram fyrir hönd Akureyrar í öndvegi og er forsvarismaður stofnunarinnar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að yfirfara reikninga Akureyrar í öndvegi. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verk-efni. Boða skal ársfund fyrir lok maímánaðar með a.m.k. viku fyrirvara. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendur-skoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé Akureyrar í öndvegi hefur verið ráðstafað á því ári, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988.

6. gr.

Tekjur Akureyrar í öndvegi eru eftirfarandi: Stofnfjárframlag, framlög aðila samkvæmt samningum stofnunarinnar við þá, framlög opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstakl-inga og aðrar sértekjur.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar og með heimild dóms-málaráðherra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Sama gildir um ákvörðun um að leggja Akureyri í öndvegi niður. Í því tilviki skal eigum Akureyrar í öndvegi ráðstafað á Akureyri með tilliti til markmiða stofnunarinnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. júlí 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.